



FJÖLMIÐLANEFND

2. janúar 2024
Ákvörðun nr. 1/2024

Viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og rafrettur í bæjarblaðinu Tígli

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd barst áframsend ábending frá Neytendastofu þann 14. ágúst 2023 þar sem vakin var athygli á því að í 25. tbl. bæjarblaðsins Tíguls (Tígull), sem gefið var út fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, eða þann 31. júlí 2023, hafi birst auglýsing (viðskiptaboð) fyrir nikótínþúða og rafrettur frá versluninni Djákninum, Strandvegi 47, Vestmannaeyjum. Að mati þess sem sendi ábendinguna var um að ræða auglýsingu fyrir nikótínvörur, en viðskiptaboð fyrir slíkar vörur eru óheimil, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla).

Útgefandi Tíguls er Leturstofan Vestmannaeyjum ehf. (Leturstofan).

Umrædd auglýsing er heilsíðuauglýsing þar sem birtast myndir af nokkrum tegundum nikótínþúða sem og rafrettum. Efst á auglýsingunni segir: „Gleðilega þjóðhátíð. Djákninn, Strandvegi 47 – á móti Krónunni!“. Síðan er kynntur opnunartími verslunarinnar dagana 3. – 6. ágúst. Í texta þar undir segir: „Eigum gífurlegt úrval af nikótínþúðum & rafrettum á frábæru verði!“.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Í kjölfar ábendingarinnar óskaði Fjölmiðlanefnd þann 14. ágúst 2023 eftir upplýsingum og sjónarmiðum Leturstofunnar vegna ætlaðra brota gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur.



FJÖLMIÐLANEFND

Með tölvupósti dags. 14. ágúst 2023 barst svar við erindi Fjölmiðlanefndar frá Leturstofunni. Í svarerindinu kom fram að auglýsingin hafi verið birt fyrir mistök sem fjölmiðlaveitan harmaði. Kom fram að slíkt myndi ekki gerast aftur.

Málið var lagt fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar þann 24. ágúst 2023. Ákvað nefndin að taka málið til efnislegrar meðferðar og kalla eftir frekari upplýsingum um tekjur fjölmiðlaveitunnar af þeirri nikótín- og rafrettuauglýsingu sem vísað var til í ábendingu, sem og umfangi á útgáfu þess blaðs sem auglýsingin birtist í. Skyldi frummat á ætluðu broti gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla unnið í kjölfarið.

Tölvupóstur var sendur Leturstofunni þann 25. ágúst 2023 þar sem ofangreindra upplýsinga var óskað.

Í svari sem barst í tölvupósti dags. 25. ágúst 2023 voru veittar upplýsingar frá Leturstofunni um tekjur sem félagið hafði af birtingu auglýsingarinnar og jafnframt upplýsingar um að blaðið hefði verið gefið út í 2000 eintökum. Blaðinu var aðeins dreift í Vestmannaeyjum og um 200 blöð gengu af. Var því alls um 1800 eintökum dreift.

2.

Frummat Fjölmiðlanefndar var sent Leturstofunni 15. nóvember 2023. Í því fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skiptu við mat á því hvort Leturstofan hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Kom fram það mat Fjölmiðlanefndar að auglýsingin teldist vera viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og rafrettur. Með birtingu hennar hafi Leturstofan gerst brotleg við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og rafrettur sem og áfyllingar fyrir rafrettur. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita Leturstofunni færi á að koma á framfæri skýringum og sjónarmiðum vegna málsins en á það var bent að niðurstaða Fjölmiðlanefndar fæli í sér frummat nefndarinnar en ekki endanlega afstöðu hennar.

Svar Leturstofunnar barst Fjölmiðlanefnd þann 28. nóvember 2023. Í svarbréfinu kom fram að Leturstofan bæðist afsökunar á því að hafa birt auglýsinguna, ef ljóst þætti að setningin „Eigum gífurlegt úrval af nikótínþúðum & rafrettum á frábæru verði!“ væri brot á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Ennfremur var rakið í svarbréfinu að þar sem Tígull sé lítið bæjarblað sem fari ekki mjög víða, þ.e. aðeins um 1800 eintökum hafi verið dreift, væri skaðinn vonandi ekki mikill.



FJÖLMIÐLANEFND

Jafnframt var tiltekið að sem betur fer hafi „framangreint viðskiptaboð“ ekki verið í mjög stóru lettri og verið „lítill hluti af auglýsingunni“. Það hafi líklega verið ástæðan fyrir því að það hafi farið framhjá útgefanda. Aðstandendur Leturstofunnar segjast hafa lært af mistökunum og þau muni gera sitt ýtrasta til að hindra að slíkt gerist aftur.

Leturstofan óskaði þess í svarbréfi sínu að Fjölmiðlanefnd nýtti ákvæði 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla og félli frá sektarákvörðun. Því til stuðnings vísaði Leturstofan til álits Fjölmiðlanefndar nr. 1/2023 þar sem fallið var frá sektarákvörðun í máli Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) vegna brota fjölmiðlaveitunnar gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur.

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 43. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Í 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla er að finna ákvæði um bann við miðlun tiltekinna viðskiptaboða í fjölmiðlum. Þar segir m.a. í 1. málsl. að viðskiptaboð og fjarkaup fyrir nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur séu óheimil. Var orðinu „nikótínvörur“ bætt við upptalningu ákvæðisins með lögum nr. 56/2022 um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 (nikótínvörur). Með nikótínvöru er átt við vöru „sem inniheldur nikótín, hvort sem nikótínið er unnið úr tóbaki eða ekki, og varan inniheldur að öðru leyti ekki efni sem unnin eru úr tóbaki, t.d. nikótínþúði, en er ekki til innöndunar“, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018. Dæmi um nikótínvörur eru tóbakslausir nikótínþúðar. Þrátt fyrir að viðskiptaboð fyrir nikótínvörur séu óheimil samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla eru viðskiptaboð fyrir sölustaði slíkra vara leyfileg, eins og Fjölmiðlanefnd benti á í umsögn sinni um frumvarp til áðurnefndra breytingalaga.¹

¹ Umsögn Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál.



FJÖLMIÐLANEFND

2.

Á heilsíðuauglýsingu þeirri sem birtist í 25. tbl. Tíguls og hér er um rætt, eru myndir af nokkrum tegundum nikótínþúða sem og rafrettum. Efst á auglýsingunni segir: „Gleðilega þjóðhátíð. Djákninn, Strandvegi 47 – á móti Krónunni!“. Síðan er kynntur opnunartími verslunarinnar dagana 3. – 6. ágúst. Í texta þar undir segir: „Eigum gífurlegt úrval af nikótínþúðum & rafrettum á frábæru verði!“. Að mati Fjölmiðlanefndar telst umrædd heilsíðuauglýsing vera viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og rafrettur og með birtingu hennar í 25. tbl. Tíguls, hafi Leturstofan brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Rétt er að áréttta að viðskiptaboð geta verið texti og myndir, skv. því sem segir í 43. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Því telst heilsíðuauglýsingin í heild sinni vera viðskiptaboð í skilningi 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla en ekki einungis setningin sem Leturstofan bendir á; „Eigum gífurlegt úrval af nikótínþúðum & rafrettum á frábæru verði!“. Leturstærð eða staðsetning fyrrgreindrar setningar á heilsíðuauglýsingunni hefur ekki áhrif á það mat.

Hvað varðar sjónarmið Leturstofunnar þess efnis að Tígli hafi verið dreift í litlu upplagi er þess að gæta að 25. tbl. var gefið út örfáum dögum fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og var bersýnilega ætlað að höfða til þjóðhátíðargesta, sbr. upphafsorðin „Gleðilega þjóðhátíð“ og auglýstan opnunartíma dagana sem Þjóðhátíð stóð yfir, 3. - 6. ágúst. Hafa ber í huga að á meðal þjóðhátíðargesta eru börn og ungmenni sem 4. mgr. 37. gr. er m.a. ætlað að vernda gegn viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur og rafrettur. Er því ekki fallist á sjónarmið Leturstofunnar um að smæð upplags Tíguls hafi áhrif á mat Fjölmiðlanefndar um ólögmæti eða refsínæmi viðskiptaboðsins.

3.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að viðskiptaboð frá versluninni Djákninum í 25. tbl. Tíguls teljist til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og rafrettur og að með miðlun þeirra hafi Leturstofan þar með gerst brotleg við þann hluta 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og rafrettur.



FJÖLMIÐLANEFND

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar. Brot gegn ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla geta einnig varðað refsingu skv. n-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar.

Við meðferð málsins hefur komið fram af hálfu Leturstofunnar að viðskiptaboðin hafi verið birt fyrir mistök, sem þau harmi, og að fjölmiðlaveitan hafi ekki áttað sig á efni þeirra.

Leturstofan óskaði eftir því að Fjölmiðlanefnd nýtti sér ákvæði 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla og falli frá sektarákvörðun.

Um það vill Fjölmiðlanefnd benda á að í kjölfar útgáfu álits nr. 1/2023, var öllum skráðum fjölmiðlaveitum hjá nefndinni, þ. á m. Leturstofunni, sendur tölvupóstur þann 7. júlí 2023, þar sem upplýst var um álitid og leiðbeiningar gefnar um túlkun á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, hvað varðar bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur. Af þeim sökum telur Fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að falla frá sektarákvörðun í máli Leturstofunnar um brot gegn umræddu ákvæði laga um fjölmiðla.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Leturstofuna í samræmi við n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 100.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af því að Leturstofan hefur ekki áður brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og jafnframt að Leturstofan hefur gengist við broti sínu og harmar mistök sín.

IV. Ákvörðunarorð

Leturstofan Vestmannaeyjum ehf. braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og rafrettur í 25. tbl. Tíguls.



FJÖLMIÐLANEFND

Leturstofan Vestmannaeyjum ehf. greiði 100.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugí Bjarnason

Einar Hugí Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson

Róbert H. Haraldsson